


Miðfjarðará 1996

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1997

VMST-N/97006

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Miðfjarðará 1996

Inngangur

Athuganir á seiðastofnum Miðfjarðarár voru með hefðbundnu sniði sumarið 1996. Útbreiðsla, þéttleiki og vöxtur náttúrulegra seiða var kannaður með rafveiðum í ágúst, sem og þrif seiða sem sleppt hafa verið á ólaxgeng svæði. Gildirur voru starfræktar í Núpsá í byrjun sumars. Sumarið var snemma á ferðinn og útganga seiða hófst því fyrr en árin á undan. Gildirurnar voru settar niður í lok maí og seiði fóru að ganga út aðra vikuna í júní, en göngunni var ekki lokið þegar þær voru teknar upp aftur viku af júlí. Þrátt fyrir það voru merkt fleiri seiði í Núpsá en nokkru sinni fyrr.

Vatnsleysi hrjáði veiðimenn framan af sumri, en laxgengd var líka langt undir meðallagi. Vel var fylgst með veiðinni og tekin hreistursýni af hluta veiðinnar og trjónan tekin af örmerktum löxum. Um 10 000 örmerktum gönguseiðum, eins og tveggja ára, var sleppt neðst í Austurá og smáseiðum var sleppt síðla sumars á ólaxgeng svæði í Núpsá (5000), Austurá (10 000) og Þverá (4000) auk þess sem örmerktum smáseiðum var sleppt á hluta af laxgenga svæði Núpsár (2800).

Þegar leið á sumarið varð vart við mikið hvítt slý í ánni, fyrst neðan til, en síðar ofar í ánum einnig. Við greiningu reyndist hér vera um kísilþörung að ræða sem fyrst varð vart héraendis í Borgarfjarðaránum fyrir nokkrum árum. Hann myndar langar greinar og lítur helst út eins og ullarlagður þegar vatninu hefur verið undið úr honum og hefur því verið kallaður flóki upp á íslensku. Hann er nánast hvítur að sjá snemma sumars, en verður síðan dekkri þegar aðrir þörungar setjast á hann. Flóki er mjög til óþæginda fyrir veiðimenn, en ekki er vitað hvaða áhrif hann hefur á uppeldisskilyrði fyrir seiði.

Veiðin 1996 og árangur seiðasleppinga

Alls veiddust 714 laxar sumarið 1996. Skipting veiðinnar á milli veiðisvæða og eftir sjávaraldri er gefin upp í Töflu 1. Stórlaxaveiðin var á mjög svipuðu róli og búist hafði verið við en smálaxaveiðin varð hins vegar mjög slök.

Tafla 1. Laxeiddin í Miðfjarðaránum sumarið 1996 eftir sjávaraldri og veiðisvæði.

| | Miðfjarðará | Austurá | Núpsá | Vesturá | Samtals |
|----------------|-------------|------------|-----------|------------|------------|
| Smálax | 142 | 108 | 8 | 125 | 383 |
| Stórlax | 64 | 113 | 6 | 148 | 331 |
| Samtals | 206 | 221 | 14 | 273 | 714 |

Uppruni laxa í veiðinni er af þrennum toga, úr náttúruklaki í ánum sjálfum, úr smáseiðasleppingum á ólaxgengum svæðum og úr gönguseiðasleppingum. Með merkingum og greiningu hreistursýna má ákvarða nánar hvernig veiðin skiptist eftir uppruna laxa í hverri á fyrir sig. Öll gönguseiði sem sleppt er í Miðfjarðará eru örmerkt og vel er fylgst með merktum fiskum í afla veiðimanna. Að auki voru tekin hreistursýni af 225 lögum og voru þau aldursgreind eins og fram kemur í Töflu 2.

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreininga hreistursýna úr laxveiðinni í Miðfjarðará 1996.

Smálax

| Ár í fersk.v. | Austurá f.n. Kambsf. | | Austurá f.o. Kambsf. | | Núpsá | | Vesturá | | Miðfj.á | |
|---------------|----------------------|------------|----------------------|------------|----------|------------|-----------|------------|-----------|------------|
| | fj. | % | fj. | % | fj. | % | fj. | % | fj. | % |
| 2+ n | 2 | 6.0 | - | - | - | - | - | - | 1 | 3.22 |
| 2+ ss | 5 | 15.2 | 2 | 22.2 | 2 | 25.0 | 1 | 2.5 | 6 | 19.3 |
| 3+ ss | 9 | 27.3 | 4 | 44.5 | 2 | 25.0 | 2 | 5.0 | 3 | 9.7 |
| 3+ n | 9 | 27.3 | 3 | 33.3 | 3 | 37.5 | 7 | 17.5 | 11 | 35.5 |
| 4+ | 6 | 18.2 | - | - | 1 | 12.5 | 27 | 67.5 | 10 | 32.3 |
| 5+ | 2 | 6.0 | - | - | - | - | 3 | 7.5 | - | - |
| Samt. | 33 | 100 | 8 | 100 | 8 | 100 | 40 | 100 | 31 | 100 |

Stórlax

| Ár í fersk.v. | Austurá f.n. Kambsf. | | Austurá f.o. Kambsf. | | Núpsá | | Vesturá | | Miðfj.á | |
|---------------|----------------------|------------|----------------------|------------|----------|------------|-----------|------------|----------------|------------|
| | fj. | % | fj. | % | fj. | % | fj. | % | fj. | % |
| 2+ ss | 8 | 24.2 | 3 | 50.0 | | | 2 | 4.1 | 3 | 21.5 |
| 3+ ss | 1 | 3.0 | 2 | 33.3 | | | - | - | 1 | 7.1 |
| 3+ n | 16 | 48.5 | 1 | 16.7 | 2 | 66.7 | 17 | 34.7 | 7 ² | 50.0 |
| 4+ | 5 | 15.2 | | | 1 | 33.3 | 26 | 53.1 | 1 | 7.1 |
| 5+ | | | | | | | 3 | 6.1 | | |
| Áður hr. | 3 ¹ | 9.1 | | | | | 1 | 2.0 | 2 | 14.3 |
| Samt. | 33 | 100 | 6 | 100 | 3 | 100 | 49 | 100 | 14 | 100 |

¹⁾ þar af einn úr smáseiðasleppingu

²⁾ þar af einn með þriggja ára sjávaraldur

Eins og við er að búast er hlutfall veiðinnar sem rekja má til smáseiðasleppinga hæst í Austurá fyrir ofan Kambsfoss, eða um 90%, en lægst í Vesturá þar sem yfir 90% sýna

var af löxum sem voru úr náttúruklaki. Í fyrsta skipti varð vart við lax úr náttúruklaki sem hafði aðeins dvalið tvö ár í ferskvatni, en það kemur heim og saman við aldursgreiningu gönguseiða sem tekin voru úr Núpsárgildrunni 1995. Ferskvatnsdvöl seiða er lengst í Vesturá þar sem meiri hluti seiða þarf fjögur ár til að ná sjóþroska og sum seiði fimm ár.

Veiði í Núpsá var með minnsta móti og ekki veiddist einn einasti lax í gildruna á meðan hún var starfrækt. Núpsá var mjög vatnslítill fram eftir sumri og laxar úr merkingum í Núpsá 1994 og 1995 veiddust aðallega utan árinna. Af átta stórlöxum sem heimtust úr merkingu náttúrulegra seiða 1994 veiddust sex í Austurá nálægt ármótunum, einn veiddist fyrir neðan Kambsfoss og einn á ótilgreindum stað. Með þessum heimtum eru heildarheimtur merktra seiða sumarið 1994 rétt tvö prósent (Tafla 3), sem er heldur undir meðalheimtum árunna 1987-1994, en á þessu tímabili hafa heimtur að meðaltali verið 2.15 %. Munar hér mestu um lágar heimtur stórlaxa, en meðal heimtur þeirra hafa verið 0.91 % en voru 0.64 % fyrir gönguseiðaárganginn frá 1994. Einungis veiddust fjórir smálaxar úr merkingu náttúrulegra seiða 1995 eða 0.35 %. Þar af veiddust þrír í A17 og einn í N10. Jafnframt veiddust þrjár laxar úr þessari merkingu í Vatnsdalsá. eru þetta óvenju miklar villur og jafnframt eru endurheimtur með því lakasta sem þekktist (Tafla 3). Svo virðist því sem dræma smálaxaveiði sumarið 1996 megi að stórum hluta rekja til hve lágt hlutfall gönguseiðaárgangsins frá 1995 skilaði sér sem smálax. Það vekur þó jafnframt vonir um að stórlaxaveiðin sumarið 1997 verði betri en smálaxaveiðin 1996 gefur tilefni til að ætla.

Tafla 3. Fjöldi merktra gönguseiða í gildrunni í Núpsá frá upphafi og endurheimtur laxa í stangveiðinni í Miðfjarðaránum einu (smálax) og tveimur (stórlax) árum síðar.

| Ár | Fjöldi merktra | Smálax | | Stórlax | | Samtals | |
|------|----------------|--------|-----|---------|-----|---------|-----|
| | | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| 1987 | 1850 | 45 | 2.4 | 25 | 1.4 | 70 | 3.8 |
| 1988 | 1799 | 10 | 0.6 | 17 | 0.9 | 27 | 1.5 |
| 1989 | 453 | 1 | 0.2 | 3 | 0.7 | 4 | 0.9 |
| 1990 | 2936 | 35 | 1.2 | 38 | 1.3 | 73 | 2.5 |
| 1991 | 3146 | 35 | 1.1 | 16 | 0.5 | 51 | 1.6 |
| 1992 | 1334 | 19 | 1.4 | 6 | 0.5 | 25 | 1.9 |
| 1993 | 1818 | 18 | 1.0 | 20 | 1.1 | 38 | 2.1 |
| 1994 | 1244 | 17 | 1.4 | 8 | 0.6 | 25 | 2.0 |
| 1995 | 1146 | 4 | 0.3 | | | | |
| 1996 | 3418 | | | | | | |

Gönguseiðasleppingar hafa verið nokkuð umfangsmiklar í Miðfjarðará síðan 1982 og frá 1983 hafa flest seiði verið örmerkt. Árangur þessara sleppinga hefur verið nokkuð misjafn (Tafla 4). Meðalheimtur úr sleppingum á tímabilinu 1987-1994 voru 1.60 %. Þar af hefur mest skilað sér sem smálax (1.26 %). Þetta eru því heldur lakari heimtur en hjá náttúrulegum seiðum og er allur munurinn í stórlaxinum.

Tafla 4. Endurheimur merktra eldisgönguseiða í Miðfjarðaránum sem sleppt hefur verið í árnar síðan 1983. Einungis er miðað við heimtur í stangveiði og ekki er tekið tillit til merkjataps. Öll seiðin voru úr eldistöð Hólalax hf., nema árið 1988 þegar tveimur merktum hópum frá Miklalaxi hf. var sleppt. Öll seiði voru af Miðfjarðarárstofni nema árið 1983 þegar seiðum af Kollafjarðarárstofni var sleppt.

| Ár | Staður | stærð/ aldur | Fjöldi seiða | Smálax | | Stórlax | | Samtals | |
|------|-----------|-----------------|-----------------|--------|------|---------|------|---------|------|
| | | | | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| 1983 | ós | 1+ | 9323 | 4 | 0.04 | 14 | 0.15 | 18 | 0.19 |
| 1984 | ós | 1+ | 7575 | 34 | 0.45 | 11 | 0.14 | 45 | 0.59 |
| 1985 | ós | 1+ | 2607 | 20 | 0.77 | 4 | 0.15 | 24 | 0.92 |
| 1985 | Bjargsh. | 1+ | 2514 | 1 | 0.04 | 1 | 0.04 | 2 | 0.08 |
| 1986 | ós | 1+ | 2505 | 7 | 0.28 | 10 | 0.40 | 17 | 0.68 |
| 1986 | Núpsá | 1+ | 2501 | 11 | 0.44 | 24 | 0.96 | 35 | 1.40 |
| 1987 | ós | 1+ | 2507 | 82 | 3.27 | 16 | 0.64 | 98 | 3.91 |
| 1987 | Núpsá | 1+ | 2518 | 55 | 2.18 | 18 | 0.71 | 73 | 2.90 |
| 1988 | ós | 1+ Hól | 2506 | 15 | 0.60 | 1 | 0.04 | 16 | 0.64 |
| 1988 | ós | 1+ Mik | 1501 | 10 | 0.67 | 8 | 0.53 | 18 | 1.20 |
| 1988 | Núpsá | 1+ Hól | 2506 | 19 | 0.76 | 4 | 0.16 | 23 | 0.92 |
| 1988 | Núpsá | 1+ Mik | 1501 | 24 | 1.60 | 6 | 0.40 | 30 | 2.00 |
| 1989 | ós | 1+ | 2258 | 20 | 0.89 | 7 | 0.31 | 27 | 1.20 |
| 1989 | Núpsá | 1+ | 5135 | 33 | 0.64 | 28 | 0.55 | 61 | 1.19 |
| 1989 | Urriðaa | 1+ | 2747 | 4 | 0.15 | 4 | 0.15 | 8 | 0.29 |
| 1989 | Steinst.á | 1+ | 2050 | 14 | 0.68 | 13 | 0.63 | 27 | 1.32 |
| 1990 | ós | 1+ lítil | 2015 | 30 | 1.49 | 12 | 0.60 | 42 | 2.08 |
| 1990 | ós | 1+ stór | 2007 | 42 | 2.09 | 1 | 0.05 | 43 | 2.14 |
| 1990 | Núpsá | 1+ lítil | 2015 | 34 | 1.69 | 20 | 0.99 | 54 | 2.68 |
| 1990 | Núpsá | 1+ stór | 2011 | 44 | 2.19 | 6 | 0.30 | 50 | 2.49 |
| 1991 | ós | 1+ | 2515 | 25 | 0.99 | 5 | 0.20 | 30 | 1.19 |
| 1991 | ós | 2+ | 1625 | 32 | 1.97 | 2 | 0.12 | 34 | 2.09 |
| 1991 | Núpsá | 1+ | 2531 | 65 | 2.57 | 12 | 0.47 | 77 | 3.04 |
| 1991 | Núpsá | 2+ | 1098 | 18 | 1.64 | 1 | 0.09 | 19 | 1.73 |
| 1991 | Vesturá | 1+ | 1084 | 21 | 1.94 | 0 | 0.00 | 21 | 1.94 |
| 1992 | ós | 1+ | 2509 | 25 | 1.00 | 4 | 0.16 | 29 | 1.16 |
| 1992 | Núpsá | 1+ | 2504 | 38 | 1.52 | 5 | 0.20 | 43 | 1.72 |
| 1992 | Vesturá. | 1+ | 2502 | 33 | 1.32 | 8 | 0.32 | 41 | 1.64 |
| 1993 | ós | 1+ | 2014 | 7 | 0.35 | 5 | 0.25 | 12 | 0.60 |
| 1993 | Núpsá | 1+ | 2010 | 11 | 0.55 | 4 | 0.20 | 15 | 0.75 |
| 1993 | Vesturá | 1+ | 2007 | 12 | 0.60 | 5 | 0.25 | 17 | 0.85 |
| 1994 | Austurá | 1+ | 5004 | 49 | 0.98 | 12 | 0.24 | 61 | 1.22 |
| 1995 | Austurá | 1+ | 4710 | 38 | 0.81 | | | | |
| 1995 | Austurá | 2+ | 5008 | 41 | 0.82 | | | | |

Gönguseiðasleppingar 1994 og 1995 skiluðu heldur lakari heimtum en oftast hafa fengist í Miðfirði. Úr sleppingu 5004 seiða 1994 skiluðu sér 12 stórlaxar. Þeir veiddust allir í námunda við sleppistaðinn, þ.e. efst í Miðfjarðará (M38 - M45, 7 laxar), neðst í Austurá (A6-A22, 4 laxar) og neðst í Vesturá (V2, 1 lax). Einnig veiddust tveir veiðiuggaklipptir en merkislausir stórlaxar á M38 og A20 (9.6 kg) og ekki var tekin trjónan af 10.5 kg veiðiuggaklipptum laxi, en hreistursýni bendir til að hann hafi verið úr sleppingu 1993 en ekki gengið út fyrr en ári síðar.

Slepping 9718 gönguseiða 1995 skilaði 79 smálöxum í stangveiðina 1996 og var hlutfallsleg dreifing þeirra svipuð og stórlaxanna, enda sleppt á sama stað. Heildarheimtur eins árs laxa voru 0.8 % og voru þær sömu fyrir eins og tveggja ára gönguseiði. Alls veiddust 67 laxar úr þessari sleppingu í Miðfjarðará, þar af 64 á stöðum M38-M45, átta neðan til í Austurá (A7-A21, utan einn sem veiddist í A28) og fjórir neðst í Vesturá (V1-V13). Að auki veiddust tveir veiðiuggaklipptir en merkislausir laxar í M38 og A17.

Lax úr sleppingunum í Miðfjarðará 1994 og 1995 kom einnig fram í öðrum ám. Þannig veiddust þrjú laxar úr sleppingunni 1994 í Hrútafjarðará, Vatnsdalsá og Blöndu, einn í hverri á, og níu smálaxar úr sleppingunni 1995 komu fram í veiðinni í Vatnsdalsá (6), Svartá (1) og Hofsa í Vopnafirði (2). Gera má ráð fyrir að villur geti verið umtalsvert meiri, því góð merkjaleit er í öllum þeim ám sem hér um getur. Miðfjarðará fékk einnig sinn skerf af villingum úr öðrum ám því þar veiddust fimm smálaxar úr sleppingum utan Miðfjarðará, einn úr Hraunfirði (V11), einn úr Haukadalsá (M38), tveir úr Hrútafjarðará (M30 og M35) og einn úr Vatnsdalsá (A32). Að auki skilaði sér einn smálax úr merkingu náttúrulegra seiða í Vesturdalsá sér í Miðfjörð (V38).

Upplýsingar um merkjaheimtur og niðurstöður aldursgreininga hreistursýna nýtast til að skipta veiðinni í Miðfjarðaránum eftir uppruna veiddra laxa (Tafla 5). Þá kemur í ljós að gönguseiðasleppingar standa á bak við 50 % smálaxaveiðinnar í Miðfjarðará og smáseiðasleppingar um 46 % smálaxaveiðinnar í Austurá. Í heildina eru 23 % smálaxa úr gönguseiðasleppingum og 22% úr smáseiðasleppingum. Hlutfall stórlaxa sem rekja má til gönguseiðasleppinga er mun lægra en hlutfall smálaxa, en hlutfall stórlaxa úr smáseiðasleppingum er svipað og hjá smálöxum (Tafla 5). Þetta sýnir enn einu sinni að laxar sem eru að skila sér úr gönguseiðasleppingum hafa mun meiri tilhneigingu til að verða kynþroska eftir eitt ár í sjó en seiði sem alist hafa upp í ánum sjálfum.

Hlutfall laxa sem rekja má til smáseiðasleppinga er mun lægra en oft áður og óeðlilega lágt í ári þegar laxveiðin er eins lítil og hún var sumarið 1996. Þetta stafar fyrst og fremst af því hve fáum seiðum var sleppt sumarið 1993, en þá var einungis sleppt um 11 000 seiðum (í Núpsá og Þorvaldsá) og að engum seiðum var sleppt sumarið 1994. Sleppingin í Þorvaldsá tókst ekki nógu vel. Áin er grýtt, en verður mjög vatnslítill á sumrin og hætt við að afföll hafi orðið mikil. Lauslega áætlað eru meðalheimtur úr smáseiðasleppingunum 1993 tæplega 0.4 % það sem af er, en laxar úr þessum sleppingum eiga eftir að koma fram í veiði sumarið 1997 einnig. Þó virðist ljóst að heildarheimtur munu verða í lægri kantinu miðað við það sem oftast verður í Miðfirði.

Tafla 5. Skipting laxveiðinnar í Miðfjarðaránum sumarið 1996 eftir uppruna samkvæmt merkjaheimtum og greiningu hreistursýna

Smálax:

| | Gönguseiðasl. | Smáseiðasl. | Náttúruklak | Samtals |
|-----------------------|---------------|-------------|-------------|------------|
| Miðfjarðará | 71 | 20 | 51 | 142 |
| Austurá | 10 | 50 | 48 | 108 |
| Núpsá | - | 4 | 4 | 8 |
| Vesturá | 6 | 9 | 110 | 125 |
| Samtals fjöldi | 87 | 83 | 213 | 383 |
| Samtals % | 23 | 22 | 55 | 100 |

Stórlax:

| | Gönguseiðasl. | Smáseiðasl. | Náttúruklak | Samtals |
|-----------------------|---------------|-------------|-------------|------------|
| Miðfjarðará | 9 | 16 | 39 | 64 |
| Austurá | 5 | 47 | 61 | 113 |
| Núpsá | - | - | 6 | 6 |
| Vesturá | 1 | 6 | 141 | 148 |
| Samtals fjöldi | 15 | 69 | 247 | 331 |
| Samtals % | 4 | 21 | 75 | 100 |

Á árunum 1992-1995 var veiði fyrir ofan stiga í Austurá mjög jöfn, eða á bilinu 100 til 125, en á sama tíma sveiflaðist heildarveiðin frá 670 til 1400. Sumarið 1996 veiddust hins vegar einungis 62 laxar fyrir ofan stigann og stóð slepping frá 1992 fyrir helmingi fleiri smálöxum en sleppingin frá 1993. Þetta sýnir glögggt hve mikilvægt það getur verið fyrir veiðina í Miðfjarðaránum að vel sé að nýtingu ólaxgengra svæða staðið.

Ástand seiðastofna

Seiðastofnar Miðfjarðarána voru kannaðir með rafveiðum dagana 13-14 og 25-28 ágúst 1997. Rafveitt var á svipuðum stöðum og á undanförunum árum. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1). Alls var rafveitt á 44 stöðum, þar af á sjö stöðum á ólaxgengum svæðum og á þremur stöðum í Núpsá milli Föskotsfossana þar sem nú eru bæði seiði af sleppiuppruna og úr náttúruklaki.

Helstu niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 6 og í Mynd 2. Hér að neðan verður ástandi seiðastofna list nánar á hverju svæði fyrir sig.

Tafla 6. Fjöldi seiða á hverja 100 m² eftir tegund og aldri (lax) í rafveiðum í Miðfjarðaranum seinni hluta ágúst mánaðar 1996.

| <u>Austurá</u> Staður nr. | Stærð m ² | Fjöldi laxaseiða á hverja 100 m ² | | | | | | Urriði | Bleikja |
|------------------------------|-------------------------|--|-----|------|------|-----|----|--------|---------|
| | | 0+ | 1+ | 1+ss | 2+ | 3+ | 4+ | | |
| 1 | 35x15 | - | - | 3.4 | - | - | - | - | - |
| 2 | 30x10 | - | - | 2.3 | - | - | - | - | - |
| 3 | 60x12 | - | - | 0.1 | 1.1 | - | - | - | - |
| 4 | 45x12 | - | - | - | 1.7 | 3.0 | - | - | - |
| 4a | 50x7 | 1.4 | 0.9 | - | 6.3 | 0.6 | - | - | - |
| 5 | 40x8 | - | - | - | 5.3 | 1.9 | - | - | - |
| 6 | 40x10 | 0.3 | 1.5 | - | 4.8 | 1.3 | - | - | - |
| 7 | 50x5 | 2.8 | 2.0 | - | 8.4 | 2.8 | - | - | - |
| 8 | 35x8 | - | 0.4 | - | 15.0 | 4.6 | - | - | - |
| 9 | 25x20 | - | - | - | 3.2 | 2.0 | - | - | - |
| 10 | 35x15 | - | 0.2 | - | 5.9 | 0.8 | - | - | - |

| <u>Núpsá</u> Staður nr. | Stærð m ² | Fjöldi laxaseiða á hverja 100 m ² | | | | | | Urriði | Bleikja |
|----------------------------|-------------------------|--|------|------|-----|-----|----|--------|---------|
| | | 0+ | 1+ | 1+ss | 2+ | 3+ | 4+ | | |
| 1 | 50x6 | - | - | 3.3 | - | - | - | 5.0 | - |
| 2 | 50x8 | - | - | 3.5 | - | - | - | 0.8 | - |
| 3 | 50x8 | - | - | 4.8 | - | - | - | 0.3 | - |
| 4 | 50x7 | - | - | 2.0 | - | - | - | - | - |
| 5 | 50x10 | 11.4 | 1.6 | 3.8 | - | - | - | - | - |
| 6 | 50x12 | - | 5.2 | 2.2 | - | - | - | - | - |
| 7 | 50x8 | - | 10.3 | 0.5 | - | - | - | - | - |
| 8 | 50x10 | - | 8.8 | - | - | 0.4 | - | - | - |
| 9a | 50x7 | 2.9 | 1.1 | - | - | - | - | - | - |
| 11 | 50x10 | - | 1.6 | - | 1.0 | 1.0 | - | - | - |
| 12 | 45x15 | - | 0.1 | - | 0.3 | 1.2 | - | - | - |
| 12a | 40x15 | 0.7 | 3.0 | - | 1.3 | - | - | - | - |
| 13 | 40x15 | 0.5 | 2.5 | - | 2.3 | 0.3 | - | - | - |
| 14 | 40x10 | - | 2.0 | - | 7.8 | - | - | - | - |

| <u>Vesturá</u> Staður nr. | Stærð m ² | Fjöldi laxaseiða á hverja 100 m ² | | | | | | Urriði | Bleikja |
|------------------------------|-------------------------|--|------|------|------|-----|----|--------|---------|
| | | 0+ | 1+ | 1+ss | 2+ | 3+ | 4+ | | |
| 0 | 80x10 | - | - | 0.6 | - | - | - | - | - |
| 2 | 25x20 | 0.8 | 2.2 | - | - | 2.2 | - | - | - |
| 3 | 30x15 | - | 2.7 | - | - | 2.2 | - | - | - |
| 4 | 30x10 | 1.0 | 2.0 | - | 12.3 | 2.7 | - | - | - |
| 5 | 35x8 | 1.8 | 0.4 | - | 10.0 | 2.9 | - | - | - |
| 6 | 40x10 | 4.5 | 2.5 | - | 8.8 | 2.3 | - | - | - |
| 7 | 30x12 | 0.3 | 4.4 | - | 18.3 | 4.4 | - | - | - |
| 8 | 40x10 | - | 1.5 | - | 5.0 | 1.0 | - | - | - |
| 9 | 40x4 | 5.6 | 13.1 | - | 8.1 | 2.5 | - | - | - |
| 10 | 30x10 | 13.0 | 2.7 | - | 6.7 | 1.0 | - | - | - |
| 10a | 30x10 | 4.7 | 6.7 | - | 8.7 | 0.3 | - | - | - |
| 11 | 40x12 | - | 3.1 | - | 4.8 | - | - | - | - |
| 12 | 50x4 | - | - | - | 4.0 | - | - | - | - |

| <u>Miðfj.á</u> Staður nr. | Stærð m ² | Fjöldi laxaseiða á hverja 100 m ² | | | | | | Urriði | Bleikja |
|------------------------------|-------------------------|--|-----|------|-----|-----|----|--------|---------|
| | | 0+ | 1+ | 1+ss | 2+ | 3+ | 4+ | | |
| 1 | 70x10 | - | 0.9 | - | 2.9 | 0.7 | - | - | 0.1 |
| 2 | 60x10 | 0.2 | 1.5 | - | 1.5 | - | - | - | 0.8 |
| 2a | 35x10 | - | 2.9 | - | 2.0 | 0.3 | - | - | 2.6 |
| 3 | 35x12 | 1.7 | 1.9 | - | 7.1 | - | - | - | 1.2 |

| <u>Urriðaa</u> Staður nr. | Stærð m ² | Fjöldi laxaseiða á hverja 100 m ² | | | | | | Urriði | Bleikja |
|------------------------------|-------------------------|--|-----|------|-----|-----|----|--------|---------|
| | | 0+ | 1+ | 1+ss | 2+ | 3+ | 4+ | | |
| 2 | 40x5 | - | 6.5 | - | 7.0 | 1.5 | - | 1.0 | 3.5 |

| <u>Steinst.á</u> Staður nr. | Stærð m ² | Fjöldi laxaseiða á hverja 100 m ² | | | | | | Urriði | Bleikja |
|--------------------------------|-------------------------|--|----|------|------|-----|----|--------|---------|
| | | 0+ | 1+ | 1+ss | 2+ | 3+ | 4+ | | |
| 1 | 40x4 | - | - | - | 18.1 | 1.3 | - | 2.5 | 2.5 |

Austurá

Rafveitt var á tveimur stöðum á ólaxgenga hluta árinna. Seiði sem sleppt var sumarið 1995 höfðu dafnað vel. Miklar líkur eru til að hluti þessarar sleppingar hafi náð sjóþroska sumarið 1996, einkum þó seiði af neðri hluta sleppisvæðisins, en sleppt var frá Valsfossi og fram undir svo kallaðan Kjálkafoss sem er um 6 km frammar. Ekki var þó talið rétt að bæta á garðann á þessu svæði að svo komnu máli, en þess í stað var sleppt 10 000 seiðum 2. september mun frammar í ánni. Seiðin voru mjög misstór, frá 6 cm og allt upp í 12 cm að lengd. Á neðstu 1500 m í Geiraldslæk var sleppt 1500 seiðum og öðrum 5000 á um 4 km kafla í Austurána fyrir framan ámótin við Geiraldslæk. Loks var um 3500 seiðum dreift á um 2 km grýttan kafla sem byrjar um 3 km fyrir neðan Geiraldslækinn. Svæðin sem sleppt var á eru mjög falleg og tiltölulega frjósöm þótt komið sé í um 400-500 metra hæð yfir sjó, þar sem gætir áhrifa frá Arnarvatni og smærri lónum.

Þótt stiginn í Kambsfossi hafi verið opnaður haustið 1991 varð hrygning þá um haustið tiltölulega lítil á svæðinu milli Kambsfoss og Valsfoss. Hins vegar varð árgangurinn úr hrygningu haustið 1992 mjög útbreiddur og sterkur á þessu svæði og dafnaði mjög vel. Stór hluti hans mun hafa gengið til sjávar sumarið 1996, en þó sat einnig nokkur hluti hans eftir og munu þau seiði ganga til sjávar sumarið 1997 (sjá 3+ seiði á stöðum 3-7 í Austurá, Mynd 2). Næsti árgangur á eftir (hrygning 1993, klak 1994) er einnig mjög útbreiddur og öflugur. Þrátt fyrir það gætir enn landnámsáhrifa og vöxtur seiða á milli fossana er enn betri en fyrir neðan Kambsfoss. Því má búast við áframhaldandi góðri framleiðslu á þessu svæði sumarið 1997.

Rafveitt var á tveimur stöðum í Austurárgilinu (staðir 8 og 9) og á einum stað skammt fyrir ofan ármót Núpsár. Ástand seiðastofna hefur verið að batna mikið í Austurárgilinu á síðustu árum og þar hefur gönguseiðaframléiðslan að líkindum orðið með besta móti sumarið 1996. Verði tíðarfar hagstætt sumarið 1997 er allt útlit fyrir áframhaldandi góða framleiðslu í gilinu.

Lítið fannst af 1+ seiðum á laxgenga hluta Austurár, einkum þó neðan til og þar fundust heldur ekki nein vorgömul seiði. Of snemmt er þó að draga miklar ályktanir fyrr en seiðabúskapur hefur verið kannaður sumarið 1997, enda er ólíklegt að yngstu seiðin hafi verið búin að ná eðlilegri dreifingu þegar rafveitt var.

Núpsá

Seiða- og laxagildrurnar voru settar niður í Núpsá 30. maí og teknar upp 8. júlí. Ganga seiða til sjávar hófst 13. júní og var mikill kraftur í göngunni út mánuðinn. Göngunni var þó engan veginn lokið þegar gildran var tekin upp, enda er reynslan sú að gangan stendur yfirleitt í um 6 vikur. Þrátt fyrir þetta veiddust sumarið 1996 fleiri seiði en síðan farið var að starfrækja gildruna sumarið 1987. Hlutfall seiða úr smáseiðasleppingu var 21.5 %, sem er mun lægra en oftast áður, en það er eðlilegt þegar svo mikil uppsveifla er í náttúrulegri framleiðslu og þegar tekið er tillit til þess að engum seiðum var sleppt í Núpsá sumarið 1994. Seiði af sleppiuppruna voru flest úr sleppingu sumarið 1995 eða 14.9 % og 6.6 % voru þriggja ára seiði, úr sleppingu sumarið 1993.

Þótt drjúgt hafi gengið út af seiðum úr sleppingunni frá 1995 var ekki annað að sjá en að meiri hluti þess árgangs hefði orðið eftir í ánni og því má búast við því að sú slepping eigi eftir að skila töluverðri framleiðslu sumarið 1997. Flest þessara seiða voru um eða yfir 12 cm þegar rafveitt var og í mjög góðum holdum. Því var ákveðið að sleppa til viðbótar 5000 smáseiðum á svæðið frá Fremra Fosskotsfossi og fram fyrir Útsuðurkvísl.

Á svæðinu milli Fosskotsfossana (staðir 5-7) voru náttúruleg 1+ seiði ríkjandi í rafveiðunum og mikið fannst af vorgömlum seiðum á efsta staðnum, skammt fyrir neðan Fremri Fosskotsfoss. Ekki er því þörf á að nýta þetta svæði með smáseiðasleppingum í bili a.m.k., en reynslan hefur sýnt að hrygning á því getur verið mjög stopul án þess þó að fyrir því sjáist neinar augljósar ástæður.

Fyrir neðan Ytri Fosskotsfoss voru 1+ seiði einnig ríkjandi (staður 8), er þar fundust hins vegar engin vorgömul seiði. Þó er líklegt að sá árgangur eigi eftir að nema þar land því hans varð vart niður á eyrunum (staður 9a). Frá Efra Núpi og niður að Núpsfossunum fannst hins vegar mjög lítið af seiðum (staðir 11 og 12) og þau seiði sem þar veiddust voru rígvæn. Því var ákveðið að grípa til liðsaukasleppinga á þessum kafla og seint í ágúst var sleppt þar 2800 tiltölulega vænum seiðum. Seiðin voru öll örmerkt og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig þessi aðgerð kemur út, en gönguseiðaframléiðsla þessa svæðis sumarið 1997 veltur mikið á því.

Vesturá

Rafveitt var á einum stað á ólaxgenga svæðinu fyrir framan Rjúkanda, en þar var dreift smáseiðum sumarið 1995. Á þessu svæði er víða klöpp í botni og sumstaðar laus mól ofan á. Grýtt og skjólgóð svæði eru þó innanum, en búsvæði fyrir laxaseiði takmarkast að mestu leyti við þau, enda fundust laxaseiði ekki í miklum þéttleika á þessu svæði. Þau seiði sem veiddust voru þó vel á sig komin og má gera ráð fyrir að svæðið tæmist af seiðum sumarið 1997.

Ástand seiðastofna frá Rjúkanda og niður að Hyrnufossum reyndist nokkuð gott (staðir 2 og 3). Þar voru 2+ seiði ríkjandi. Þau voru tiltölulega væn, enda vantaði nánast alveg 1+ seiði á þetta svæði þannig að samkeppni frá minni seiðum var lítil.

Í rafveiðunum 1995 kom í ljós að árgangar 2+ og 1+ seiða voru mjög sterkir allt fram að Hyrnufossum, en seiðin voru ekki að sama skapi vel á sig komin. Mikill ásetningur og slæmt árferði í ánni fram eftir sumri höfðu valdið því að seiðin uxu illa og þau voru mjög horuð, einkum þó stærri (eldri) seiðin. Í rafveiðunum 1996 kvað hinsvegar heldur við annan tón. Tiltölulega lítið bar á 3+ seiðum, en ekki er vitað að hve miklu leyti það er vegna mikilla affalla eða vegna þess að þau hafi gengið til sjávar fyrr um sumarið. Það verður því miður að teljast líklegt að veruleg afföll hafi orðið, en við verðum að bíða eftir smálaxaveiðinni sumarið 1997 áður en við kveðum upp endanlegan úrskurð.

Horfurnar fyrir gönguseiðaframléiðslu sumarið 1997 eru hins vegar mjög góðar verði árferði í meðallagi eða betra, því árgangur 2+ seiða var bæði fjölliðaður og í góðum þrifum, enda var tíðarfar mjög hagstætt sumarið 1996 jafnframt því sem tiltölulega lítil samkeppni var frá 1+ seiðum. Mikið veiddist af vorgömlum seiðum (0+) í rafveiðunum

1996 og svo virðist sem þar sé enn einn stór árgangur í uppsiglingu. Þessi mikla nýliðun sem oftast er í Vesturá veldur því að seiði þar vaxa tiltöluleg hægt og eru að jafnaði um ári lengur að ná sjóþroska en seiði í öðrum hlutum árkerfisins. Þetta rýrir gönguseiðaframleiðsluna töluvert og því verður að huga að því hvort hægt sé að stjórna ásetningi í ánni með einhverju móti. Á fundi veiðifélagsins í desember 1996 var þetta rætt og ákveðið að reyna að rafveiða seiði á völdum köflum til flutnings á ólaxgeng svæði og sjá hvaða áhrif það hefði. Stefnt er að því að reyna þetta fyrri hluta sumars 1997.


Sumarið 1996 var sleppt um 4000 seiðum í Þverá, enda var áin orðin seiðatóm, en í henni eru uppeldisskilyrði mjög góð, einkum áður en komið er upp á á sinn þar sem halli árinna minnkar.

Miðfjarðará


Allir árgangar seiða frá 0+ til 3+ fundust í Miðfjarðaránni, en seiðastofn hennar er þó fremur gísinn og veiddust mun færri seiði í rafveiðunum 1996 en árið áður. Mikill flóki var neðan til í ánni sem gerði veiðarnar erfiðari, en ekki er vitað hvaða áhrif hann hefur á seiðabúskap árinna.

Í Urriðaá fundust 1+ og 2+ laxaseiði í viðunandi magni, en þau voru mjög vel haldin og gæti áin líklega fóstorað þéttari stofn. Lax hrygnir yfirleitt ekki í Urriðaá, heldur ganga seiði upp í hana úr Miðfjarðará, en þrýstingur þaðan virðist vera minni nú en oft áður. Greinilegt er að gönguseiðaframleiðsla á laxgengum hluta Urriðaár hefur orðið mjög góð sumarið 1996, en nokkuð mun draga úr henni aftur sumarið 1997.


Í Steinstaðaá fundust nú nær eingöngu 2+ laxaseiði. Þau voru í góðum holdum og stóðu nokkuð þétt. Því má búast við aukinni gönguseiðaframleiðslu sumarið 1997, en svæðið er tiltölulega lítið og áhrif þess á heildina í samræmi við það.



Mynd 1. Yfirlitskort af vatnasvæði Miðfjarðarar og helstu rafveiðistaðir.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Miðfjarðaránum í ágúst 1996.





Mynd 2. Framhald.

lengd (sm)



Mynd 2. Framhald.

Fjöldi



Mynd 2. Framhald.